

Alþingi
Erindi nr. P 135/3134
komudagur 2.9.2008

Nefndasvið Alþingis
Heilbrigðisnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 1. september 2008

Umsögn BSRB um frumvarp til laga um sjúkratryggingar, þskj. 955 - 613. mál.

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um sjúkratryggingar. Samtökin vara alvarlega við því að frumvarpið verði óbreytt gert að lögum á næstu dögum og vilja máli sínu til stuðnings koma eftirfarandi atriðum á framfæri við Alþingi:

Síðastliðið vor mótmælti BSRB því að frumvarpið yrði afgreitt frá Alþingi með þeim hraða sem ætlun stóð til. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að stigin verði skref í átt til markaðsvæðingar heilbrigðisþjónustunnar. Áhersla er á kaup og sölu og að fram geti farið útboð á einstökum þáttum þjónustunnar. Í greinargerð með frumvarpinu segir að við undirbúning þess „*hafi verið tekið mið af þeirri reynslu sem komin er á fyrirkomulag kaupenda og seljenda í löndum sem Ísland hefur gjarnan borið sig saman við og er þar helst að nefna Svíþjóð og Bretland.*“

BSRB hefur kappkostað að afla upplýsinga um reynslu annarra þjóða af samsvarandi breytingum og hér eru í bígerð. Af þessu tilefni fengu samtökin hingað til lands einn helsta sérfræðing Breta, Allyson Pollock, prófessor við háskólann í Edinborg en hún veitir forstöðu rannsóknarstofnun (Centre for International Public Health Policy) sem sérhæfir sig í skipulagi heilbrigðisþjónustunnar. Í heimsókn sinni til Íslands flutti þessi virti fræðimaður erindi á vegum BSRB um reynslu Breta af sams konar kerfisbreytingum og lagðar eru til í þessu frumvarpi. Erindið fylgir umsögn BSRB. Í því vísar Pollock í áform íslenskra stjórnvalda og ber fyrirbyggjandi frumvarp saman við lagabreytingar í Bretlandi í byrjun 10. áratugar síðustu aldar. Þar segir hún m.a. eftirfarandi: „*Einkavæðingarferlið hefði ekki getað átt sér stað í Bretlandi án löggjafarinnar frá 1991. Hún gegndi lykilhlutverki með því að innleiða þær kerfisbreytingar að koma á innri markaði, aðgreina veitendur og kaupendur og verðleggja veitta þjónustu. Í kjölfarið fylgdi fjöldi nýrra reglugerða og verkferla til að hrinda einkavæðingunni í framkvæmd. Verkferlarnir byggðu ekki einungis á meginlöggjöfinni heldur einnig á reglugerðum sem voru samdar af embættismönnum. Sjúkratryggingafrumvarp íslenskra stjórnvalda nú er af sama toga og opnar leiðir fyrir ógrynni stefnumarkandi reglugerða á forræði ráðherra.*“

Það er einkum IV. kafli frumvarpsins sem þyrfti miklu umfangsmeiri og dýpri umræðu í þjóðfélaginu en fram hefur farið.

BSRB vekur athygli á því að gert er ráð fyrir mjög rúmum heimildum ráðherra til þess að skipuleggja heilbrigðisþjónustuna eftir eigin höfði. Þannig er Sjúkratryggingastofnun, samkvæmt 40. grein frumvarpsins ætlað að gera samninga „*í samræmi við stefnumörkun skv. 2. grein frumvarpsins, m.a.*

um skipulag heilbrigðisþjónustu, forgangsröðun verkefna innan hennar, hagkvæmni og gæði þjónustrunnar og aðgengi að henni.“ Í 2. greininni er einmitt áhersla lögð á vald ráðherra til að framfylgja stefnu sinni „hvað varðar skipulag heilbrigðisþjónustu“ Opnar heimildir af þessu tagi til einstakra ráðherra eru varasamar eins og reynslan frá Bretlandi sýnir. Ekki á það síst við eins og í tilviki sem þessu, þegar um er að tefla mjög afdrifaríkt hagsmunamál sem snertir þjóðina alla, skipulag sjálfs velferðarkerfisins í landinu.

BSRB lætur einnig fylgja með umsögn sinni erindi sem Göran Dahlgren, virtur sænskur fræðimaður og fyrrum handhafi Norrænu lýðheilsuverðlaunanna flutti á vegum BSRB árið 2004 um reynslu Svía af þeim kerfisbreytingum sem ríkisstjórn Íslands vill koma á hér á landi. Þá fylgir umsögn BSRB bók Allyson Pollock NHS pic, The privatisation of Our Health Care.

BSRB hvetur til ítalegrar og upplýsandi umfjöllunar um frumvarpið en varar eindregið við því að rasað verði um ráð fram og það lögfest á næstu dögum án nauðsynlegrar umræðu í þjóðfélaginu.

Fyrir hönd BSRB



Helga Jónsdóttir

framkvæmdastjóri BSRB